

Sp. **82. Tillaga til þingsályktunar** [77. mál]

um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir,
Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á kaupum veiðileyfa og öflun veiðiaðstöðu fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu ríkja í Norður-Ameríku og Vestur-Afríku.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var einnig flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd og er því endurflutt nú.

„Svört skýrsla“ Hafrannsóknastofnunarinnar, sem nýlega var gerð opinber, minnir okkur Íslendinga á hve ástand fiskistofna umhverfis landið er alvarlegt. Ofveiði og versnandi skilyrði í sjónum hafa á undanförunum árum haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og má búast við að þessi staðreynd verði íslensku þjóðarbúi mikill fjötur um fót næstu árin. Þrátt fyrir hrakspár fiskifræðinga, sem reynst hafa réttar eins og ljóst er af aflaskýrslum, hefur fiskiskipastóllinn stækkað risaskrefum og afkastageta aukist hlutfallslega miklu meira vegna tækniframfara. Hinn afkastamikli floti loðnuveiðiskipa hefur nú afar takmörkuð verkefni og hefur því verið beint á botnfiskveiðar. Var þó ekki bætandi við þann flota sem stundaði þær veiðar fyrir. Önnur úrræði, svo sem kolmunnaveiðar, hafa ekki gefist nægilega vel.

Það er kunnugt að nokkur ríki hafa aflað sér tímabundinna heimilda til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi erlendra ríkja gegn gjaldi. Má nefna bæði Japana, Kóreumenn og Austur-Evrópuþjóðir í því sambandi. T. d. höfðu pólsk fiskiskip heimild til þorskveiða í fiskveiðilandhelgi Bandaríkjanna fram að setningu herlaga og seldu þau aflann a. m. k. að einhverju leyti til bandarískra fyrirtækja. Annað dæmi er þátttaka íslenskra nótaveiðiskipa í brynstirtluveiðum á vegum eigenda norska verksmiðjuskipsins „Norglobal“, en þeir höfðu aflað sér tilskilinna leyfa til veiða innan fiskveiðilögsögu Mánitáníu. Sovétríkin stunda talsverðar fiskveiðar í fiskveiðilögsögu Vestur-Afríkuríkja og selja aflann í einhverjum mæli landsmönnum í viðkomandi ríkjum.

Fyrir nokkrum árum voru hér á ferð fulltrúar stjórnvalda í Líberíu sem vildu efna til samvinnu við erlendar þjóðir um fiskveiði í landhelgi Líberíu.

Pegar umræða um stöðvun hvalveiða stóð sem hæst á Alþingi barst óformlegt boð frá Bandaríkjunum þess efnis að íslensk skip gætu fengið veiðiheimildir við strendur Bandaríkjanna gegn því að Íslendingar létu af hvalveiðum. Síðan mun hafa borist staðfesting á þessu boði og málið sent L. Í. Ú. til umsagnar. Er flutningsmönnum kunnugt um að undirtektir útvegsmanna eru jákvæðar.

Á 44. aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem haldinn var á Akureyri 2.–4. nóvember s. l., var rætt um öflun veiðiheimilda á fjarlægum svæðum og eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Aðalfundurinn felur stjórn samtakanna að kanna hvort hægt sé að afla veiðiheimilda á fjarlægum svæðum, svo sem við Bandaríki Norður-Ameríku og Afríku.“

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að ganga úr skugga um hvort fyrir hendi sé raunhæfur möguleiki á veiðum íslenskra fiskiskipa á fjarlægum veiðisvæðum í Atlantshafi.